

Lögtakið var birt Hermanní með símskeyti, dagsettu 15. þ. m. Afgjald Eyðalaeyja, er Hermann Hjartarson leigði Sigurði Jónssyni, bónda á Ósi, 1943 hafði verið fastsett til tryggingar útsvarsgreiðslunni, og var geymt á reikningi í Kaupfélagi Stöðfirðinga, Breiðdalsvík.

Krafðist þá hreppstjóri, að sér væru afhentar kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — af innstæðu Hermanns Hjartarsonar, og upphæðina afhenti starfsmaður kaupfélagsins, Stefán Þórðarson.

Lögtaksgerð lokið.

Páll Guðmundsson.

Vottar:

Einar Björnsson.

Baldvin Björnsson.

Fimmtudaginn 6. júní 1946.

Nr. 77/1945. **Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins** (Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson) **gegn**

Stefáni Jónssyni og gagnsök
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um eignarrétt að fjöru á hafnarsvæði.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt samdómendum Valdimar Pálsyni hreppstjóra og Jónasi Snæbjörnssyni menntaskólakennara.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara, að gagnáfrýjanda verði einungis ákveðinn eignarréttur að þeim hluta þrætulandsins, sem sjór féll af um stórstraumsfjöru 1939, en aðiljum kemur saman um, að sú spilda nái 130 metra til norðurs frá hafnargarðinum og sé 30 metra breið. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 26. október 1945 áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki var unnt með 10. gr. laga nr. 66/1931 að svipta gagnáfrýjanda endurgjaldslaust eignarrétti að fjöru hans á hafnarsvæðinu. Er hann því enn eigandi lands þess, sem var fjara 1939, og af því leiðir, að hann er og eigandi landauka þess, sem við það hefur bætzt, enda hefur ekki farið fram eignarnám á þessu landi né þess verið beðizt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, greiði gagnáfrýjanda, Stefáni Jónssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 28. maí 1945.

Mál þetta hefur Stefán Jónsson, Brimnesi, Svarfaðardalshreppi, höfðað með stefnu, útgefinni 15. nóv. 1943, á hendur hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, og gerir stefnandi þær kröfur, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að landauka þeim, malar- og sanduppfyllingu, sem myndast hefur á síðari árum í fjörumálinu fram undan Brimnesi, norðan landgöngugarðsins við hafnarbryggjuna í Dalvík. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, sem telur hafnarsjóð Dalvíkur eiga umrædda landspildu, mótmælir kröfum stefnanda og krefst sýknu og málskostnaðar. —

Málið hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar með samþykki málsaðilja. Dómur gekk í því í héraði þann 7. marz 1944, en hæstiréttur ómerkti hann og vísaði málinu heim 8. des. s. á. Var það síðan tekið upp aftur í bæjarþingi hér þann 17. febr. s. l. Dómendur fóru á vettvang og athuguðu þrætustaðinn þann 25. apríl s. l., og var málið tekið til dóms af nýju þann 25. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Árið 1939 var byrjað á byggingu hafnargarðs á Dalvík. Síðan bygging garðs þessa hófst, hefur myndast landauki norðan hans úr mól og sandi. Aðiljum kemur saman um, að landauki þessi hafi orðið til við það, að garðurinn stöðvar sjávaruppburð malar og sands, þannig að fjaran hefur smám saman hækkað og færst utar. Miðað við flóðlínu 1939 og 1945, er landauki þessi þrihyrndur að lögun, ca. 2900 fermetrar að flatarmáli. Um fjörulínu 1939 hafa ekki fengizt upplýsingar, er á verði byggt, en fjörulína er nú 26,5 metrum utar en flóðlína. Stefnandi hefur gert þá grein fyrir stefnukröfu sinni, að gerð sé krafa um viðurkenningu á eignarrétti að landssvæði milli stórstraumsflóðmáls, eins og það var 1939, en aðiljar eru sammála um, hvar það var, og stórstraumsfjörumáls, eins og það er nú, á 130 metra svæði meðfram sjó, talið frá hafnargarðinum til norðurs. Svæði þetta er ca. 6400 fermetrar að stærð samkvæmt uppdraetti, er gerður hefur verið af því og aðiljar hafa samþykkt.

Með 10. gr. laga nr. 66 8. sept. 1931 um hafnargerð í Dalvík er svo fyrir mælt, að hafnarsjóður eigi allt það land innan hafnarinnar, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði. Byggir stefnandi kröfu sína um eignarrétt að landsspildunni á því, að ofangreint ákvæði hafnarlaganna sé að engu hafandi, þar eð það samrýmist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Telur stefnandi, að fjörulandið hafi fylgt eignarjörð hans, Brimnesi, frá fornu fari, og sé því ekki hægt að svipta hann eignarrétti að því með lagaákvæði einu saman, án þess að fullar bætur komi fyrir. Sama máli sé að gegna um landauka í fjörunni og fram af henni.

Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, telur hins vegar, að hafnarsjóður Dalvíkur eigi landspilduna, þar eð yfir flaut um stórstraumsflóð svæði það, sem um er deilt, er hafnarlögin gengu í gildi, enda mótmælir stefndi því, að ákvæði 10. gr. hafnarlaganna brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Vill stefndi skýra téð hafnarlagaákvæði þannig, að með gildistöku þess hafi hafnarsjóður Dalvíkur eignast fjörulandið, en stefnandi muni ef til vill eiga bótakröfu fyrir það, og sé þetta sérstök tegund eignarnáms.

Til vara byggir stefnd hreppsnefnd sýknukröfu sína á því, að landaukinn er að öllu leyti myndaður og til orðinn vegna hafnargerðarinnar í Dalvík, sem hafnarsjóður Dalvíkur hefur kostað. Til þrautavara krefst stefndi þess, að einungis verði viðurkenndur eignarréttur stefnanda til þess landssvæðis, er að stærð samsvarar því landi, er lá þurrt um stórstraumsfjöru, milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls árið 1939, áður en mannvirkjagerðin hófst, en svæði þetta telur stefndi ca. 1300 fermetra að stærð.

Sú regla hefur gilt frá fornu fari, að menn ættu fjöru fyrir landi sínu og netlög. Tilætlun löggjafans með 10. gr. laga nr. 66 8. sept

1931 virðist hafa verið sú, að við gildistöku laganna yrði hafnarsjóður Dalvíkur eigandi að því landi innan Dalvíkurhafnar, er yfir flyti um stórstraumsflóð. — Samkvæmt 63. gr. þáverandi stjórnarskrár gat þetta ekki staðizt, nema fullt verð kæmi fyrir. Telur rétturinn, að meðan þessa hefur ekki verið gætt, verði hafnarsjóður ekki eigandi umrædds lands, og getur því ekki fallizt á skýringar stefnda um þetta og telur, að nefnt ákvæði samrýmist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Verður því fyrsta sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Þá verður athugað, hvaða áhrif það hafi á niðurstöðu málsins, að land það, sem deilt er um, er myndað vegna mannvirkja-gerðar hafnarsjóðs Dalvíkur. Þessi varnarástæða getur einungis komið til greina um þann hluta þrætusvæðisins, sem myndast hefur síðan 1939, en ekki um það svæði, er var milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls, áður en landmyndunin hófst. Hafnarmannvirkin eru að sjálfsögðu ekki gerð með það fyrir augum að mynda þenna landauka, og hefur hafnarsjóður Dalvíkur því ekki lagt í kostnað vegna myndunar hans sérstaklega. Verður ekki talið, að eignarréttur stefnda geti byggzt á þessu.

Með tilvisun til þess, sem segir hér að framan um 10. gr. laga nr. 66 1931, verður þrautavarasýknuástæða stefnda heldur ekki tekin til greina.

Ber samkvæmt þessu að viðurkenna eignarrétt stefnanda að hinu umdeilda svæði.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað og þóknun til meðdómsmanna, Valdimars Pálssonar og Jónasar Snæbjörnssonar, kr. 300.00 til hvors, og ferðakostnað Valdimars Pálssonar, kr. 100.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Eignarréttur stefnanda, Stefáns Jónssonar, viðurkennist að umdeildu fjörulandi og landauka milli stórstraumsflóðmáls, eins og það var 1939, og stórstraumsfjörumáls, eins og það er nú, 130 metra meðfram stórstraumsflóðmáli til norðurs, talið frá hafnargarðinum í Dalvík.

Stefndi, hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað og meðdómsmönnum Valdimar Pálssyni og Jónasi Snæbjörnssyni, kr. 300.00 til hvors, og ferðakostnað Valdimars Pálssonar, kr. 100.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja, að því er málskostnaðar-ákvæði snertir, innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.